

## **88. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 17. febrúar 2010, kl. 17:00.**

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### **Dagskrá:**

- 1. Fundargerðir:**
    - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. janúar 2010
    - b) Stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 3. febrúar 2010
    - c) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 22. janúar 2010
  - 2. Bréf frá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi dags. 22. janúar 2010**
  - 3. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 29. janúar 2010**
  - 4. Bréf frá Lánasjóði Sveitarfélaga dags. 24. janúar 2010**
  - 5. Aðalfundur Smábátafélagsins Skalla frá 3. febrúar 2010**
  - 6. Erindi frá Jóni Gíslasyni frá 11. febrúar 2010**
  - 7. Byggðakvóti**
  - 8. Trúnaðarmál**
  - 9. Erindi frá Ungmennafélagi Íslands dags. 28. janúar 2010**
  - 10. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

- 1. Fundargerðir:**
  - a) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. janúar 2010**  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) **Stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 3. febrúar 2010**  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) **Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 22. janúar 2010**  
*Lögð fram til kynningar*
- 2. Bréf frá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi dags. 22. janúar 2010**  
*Stofnunin hefur tilkynnt að frá og með 1. maí n.k. mun stofnunin hætta sölu á mat til eldri borgara á Blönduósi.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að skoða málið frekar og koma með tillögur að úrlausn málsins.*

### **3. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 29. janúar 2010**

*Skipulagsstofnun telur að þær breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu tillögunnar kalli ekki á endurauglýsingu breytingarinnar enda ekki um grundvallarbreytingar að ræða. Stofnunin telur hvorki form- né efnisgalla á afgreiðslu málsins og afgreiðir samþykkt svæðisskipulagsbreytingu til umhverfisráðherra.*

*Bæjarstjóri upplýsti að hann og forseti bæjarstjórnar hafi átt fund með umhverfisráðherra þar sem óskað var eftir að ráðherra flýtti afgreiðslu svæðisskipulagsins.*

*Lagt fram til kynningar.*

### **4. Bréf frá Lánasjóði Sveitarfélaga dags. 24. janúar 2010**

*Lánasjóður sveitarfélaga óskar eftir því að sveitarstjórn veiti almenna heimild fyrir því að lánasjóðurinn birti upplýsingar um stöðu lána sveitarfélagsins hjá sjóðnum.*

*Bæjarráð samþykkir eftirfarandi:*

*„Hér með veitir bæjarráð, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem bestu mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.“*

### **5. Aðalfundur Smábátafélagsins Skalla frá 3. febrúar 2010**

*Á aðalfundi Smábátafélagsins Skalla sem haldinn var á Sauðárkróki 16. september 2009 var samþykkt m.a. eftirfarandi ályktun.*

*Aðalfundur Skalla fagnar strandveiðum og telur þær til hagsbóta fyrir félagsmenn á sínu svæði sem er frá Hvammstanga til Siglufjarðar. Stjórnin hvetur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að beita sér fyrir því að strandveiðar verði festar í sessi sem veiðikerfi, óháð veiðiheimildum til króka- og aflamarks, á tímabilinu 1. maí til 30. ágúst ár hvert.*

*Skalli telur það afleita ákvörðun að færa veiðiheimildir úr byggðakvóta í strandveiðikerfið. Veiðiheimildir til strandveiða verði viðbót við áður úthlutaðan kvóta og dragist ekki frá veiðiheimildum þeirra sem háðir eru króka- og aflamarki.*

*Bæjarráð tekur undir ályktun Smábátafélagsins Skalla.*

**6. Erindi frá Jóni Gíslasyni frá 11. febrúar 2010**

Í ár munu húnveskir hestamenn og Hestamannafélög standa fyrir Ís – landsmóti á Svínavatni 6. mars n.k. Óskað er eftir styrk Blönduósbæjar.

Bæjarráð samþykkir kr. 50.000 styrk.

**7. Byggðakvóti**

Bæjarráð samþykkir að úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2009/2010 skuli vera með eftirfarandi hætti:

**Reglugerð nr. 82/2010 gildir um úthlutun byggðakvóta fyrir Blönduós með eftirfarandi breytingum:**

**„Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 50% jafnt milli umsækjenda sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 50% af úthlutaðum byggðakvóta skal skipt milli sömu umsækjenda samkvæmt ákvæði 4. gr., enda uppfylli umsækjendur skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.“**

**8. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarbók

**9. Erindi frá Ungmennafélagi Íslands dags. 28. janúar 2010**

Stjórn Ungmennafélags Íslands hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 15. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður verslunarmannahelgina 2012.

Lagt fram til kynningar.

**10. Önnur mál**

**a) Greiðslur vegna tónlistarnáms**

Bæjarráð frestar reglusetningu um fjárhagslegan stuðning nemenda við tónlistarskóla þar sem viðræður á milli sveitarfélaga og ríkis standa yfir varðandi fyrirkomulag á greiðslum ríkisins.

**b) Aðalfundur Ámundakinnar ehf.**

Aðalfundur Ámundakinnar ehf. verður haldinn á Hótel Blönduós, Aðalgötu 6, Blönduósi, fimmtudaginn 25. febrúar 2010.

Bæjarráð sækir fundinn.

**c) Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi**

Forseti Bæjarstjórnar, formaður bæjarráðs og bæjarstjóri áttu fund með heilbrigðismálaráðherra þar sem málefni HSB voru rædd. Lögð var rík áhersla á að stofnunin fengi sanngjarna meðferð við niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Auk þess var heilbrigðisráðherra bent á leiðir til leiðréttingar á reiknilíkani sem HSB vinnur eftir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:30.

Kári Kárason (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.).

Arnar Þór Sævarsson (sign.)